

Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn að Laugavegi 13, Reykjavík, þann 15. desember 2016 kl. 10:00, en þetta var 48. fundur nefndarinnar.

Mættir voru Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Eyjólfur Þ. Haraldsson og Magnús Jóhannsson, en sá síðastnefndi ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar (10. nóvember 2016) var samþykkt.

2. Orðabókarvinnan

Unnið var með lista sem inniheldur „ectopy“, „capsule“, „physical“, „stroke“ og nokkur skyld heiti (samtals 64 færslur). Nefndarmenn höfðu farið yfir listann fyrir fundinn og merkt við þau orð sem ræða þyrfti. Nokkrar breytingar og viðbætur voru gerðar.

JHJ mun ganga frá hugtökunum í Orðabankanum og ÁÐ annast birtingu þeirra.

3. Önnur mál

Orðanefndin hefur samþykkt að vera tengiliður við verkefni á vegum Evrópusambandsins sem nefnist „eTranslation TermBank – Automated Translation“. Stofnun Árna Magnússonar er aðili að þessu verkefni sem snýst um sjálfvirkar þýðingar og hlutverk orðanefndarinnar að sinni er aðeins að lýsa yfir áhuga á verkefninu og að vera væntanlegur tengiliður varðandi texta um efni tengt heilbrigðismálum.

Svolítið hefur dregist að senda síðustu fundargerðir nefndarinnar og pistla með umræðu um verkefni til birtingar á heimasíðu Læknafélags Íslands. JHJ er að bæta úr þessu.

4. Næsti fundur

Næsti fundur er fyrirhugaður fimmtudaginn 26. janúar 2017. JHJ mun boða þann fund og senda út orðalista til yfirlstrar.

Fundi var slitið um kl. 11:10.